

AUGLÝSING

(III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum, staðfestir ráðuneytið eftirgreindar úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

1. Árneshreppur.

Úthlutað verði til fiskiskipa sem skráð eru í Árneshreppi og gerð hafa verið þaðan út á fiskveiðiárinu 2003/2004. Skiptist hlutur Árneshrepps milli skipa á grundvelli aflahlutdeildar þeirra.

2. Skeggjastaðahreppur.

Úthlutað verði til skipa sem eru 200 brl. eða stærri enda hafi útgerð þeirra gert samkomulag við starfandi fiskvinnslu á Bakkafirði um vinnslu aflans.

3. Vopnafjarðahreppur.

Úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðahrepps fari að ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003 þó þannig að fiskiskip 1000 brt. og stærri komi ekki til greina við úthlutun og skiptist hlutur þeirra jafnt milli annarra aðila er úthlutað er. Forsenda úthlutunar er að aflanum verði landað til vinnslu í sveitarfélaginu og auk þess verði leitast við að landa til vinnslu sambærilegu magni á móti.

2. gr.

Austurbyggð.

Með auglýsingu þessari eru jafnframt leiðréttar reglur Austurbyggðar sem birtust í auglýsingu nr. 891, 1. desember 2003, að því leyti að við 1. tl. bætist: Eingöngu aflamarksskip undir 100 brt. og krókaaflamarksbátar koma til greina við úthlutun byggðakvótans.

3. gr.

Að þessari auglýsingu birtri skulu sveitarstjórnir auglýsa eftir umsóknum og kynna úthlutunarreglur. Að loknum fresti sem sveitarstjórn veitir til umsókna, gerir sveitarstjórn síðan tillögur til ráðuneytisins um endanlega skiptingu aflaheimildanna milli einstakra fiskiskipa. Fallist ráðuneytið á tillögur sveitarstjórna koma þær til framkvæmda. Að öðrum kosti er aflaheimildum skipt milli einstakra fiskiskipa á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 596/2003.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. desember 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Snorri Rúnar Pálmason.